

Ed.

92. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Árni Jónsson.

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsgr. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.
3. 11. gr. laganna orðist svo:
Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.
4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

1. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún“, 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
 - a. (54. gr.). Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur á árinu 1942 til lánadeildar smábýla.
 - b. (55. gr.). Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborg-

unum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.

- c. (56. gr.). Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kaup-tún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mann-virkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.

Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.

- d. (57. gr.). Lán úr deild þessari má veita:
1. Gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
 2. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga.
- e. (58. gr.). Lán mega nema allt að $\frac{1}{2}$ af fasteignamatsverði húseigna, mann-virkja og lands.
- f. (59. gr.). Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum, lánstími allt að 40 árum og árlegir vextir allt að 6%.
- g. (60. gr.). Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar bankastjórann og formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 4 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfallskosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur banka-stjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærra laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Laun bankaráðsmanna og dýrtíðaruppbót ákveður ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

- a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málgr. 2. gr. sömu laga komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.
- b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. másl. sömu málgr. komi: bankastjórn.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og hirta þau í einu lagi þannig breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþn. í bankamálum, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Lög um Búnaðarbanka Íslands eru nú orðin nær 12 ára gömul, og á þeim tíma hafa litlar breytingar verið á þeim gerðar, og þá eingöngu við einstök atriði. Bankanefndin taldi því sjálfsgagt að taka þau til allnákvæmrar athugunar, og þó einkum ákvæðin um starfsvið bankans. Samkvæmt þeim skyldi bankinn starfa í sex deildum: sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnlánadeild, ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún og byggingar- og landnámssjóður. Tvær af þessum deildum, bústofnlánadeild og lánadeild smábýla, tóku aldrei til starfa, og kaflinn um aðra þeirra, bústofnlánadeild, var numinn úr gildi með lögum nr. 91 frá 3. maí 1935. Verður ekki af bankanefndinni lagt til, að sá kafli laganna verði tekinn upp aftur og deildin sett á stofn.

Hins vegar telur bankanefndin illa farið, að lánadeild smábýla skuli ekki hafa tekið til starfa. Virðist hennar full þörf, því að bæði við kauptún og kaupstaði og í sveitum hafa þeir menn, sem vilja stunda landbúnað jafnframt öðrum störfum, sem þá teljast aðalatvinna þeirra, hvergi aðgang að lánsfé. Verður þetta að teljast óheppilegt, því af því leiðir, að ýmsir þeir, sem gjarnan hefðu viljað halda sig utan takmarka kauptúna og kaupstaða, en stunda þó störf þar, verða að hverfa inn í þéttbýlið vegna getuleysis um stofnun til bygginga og búskapar, ef hvergi fæst fé að láni. Geta þó slík smábýli verið alldrjúg tekjulind, sér í lagi fyrir fjölskyldumenn, og ólíkt hollara fyrir fjölskylduaðila að geta fengið þar starf við sitt hæfi í staðinn fyrir aðgerðarleysi það, sem oft dæmist á unglíngum í þröngbýlisstöðunum.

Viða í sveitum gætu verið skilyrði fyrir iðnaðarmenn til að setjast að, ef þeir stunda landbúnað í hjáverkum. Slíkir menn hafa hvergi aðgang að lánsfé, og lítur bankanefndin svo á, að smábýladeildin ætti að veita lán til slíkra smábýla.

Í 2. tölulið 7. gr. búnaðarbankalaganna er gert ráð fyrir, að sparisjóðs- og rekstrarlánadeildin styðji beint og óbeint starfsemi rekstrarlánafélaga, ef stofnuð yrðu, en ekkert hefur verið um slíkar lánveitingar. Rekstrarlánafélög eru fá til, og þau, sem hafa verið stofnuð, hafa leitað í aðrar áttir um lán en til Búnaðarbankans. Nefndin telur ákvæði þessi ástæðulaus og leggur því til, að þau verði afnumin. Fyrir þau rekstrarlánafélög, sem til kunna að vera, virðist það enginn lagi, þar sem þau hafa ekki leitað til Búnaðarbankans, og um þau, sem kunna að verða stofnuð, ætti sama að gilda. Hins vegar getur bankinn auðvitað eftir sem áður veitt slík lán eins og aðrar lánsstofnanir; við því er ekkert bann. Og fyrir rekstrarlánafélög, sem starfa nú eða kunna að taka til starfa, er öllu óheppilegra, að svo líti út, að þeim sé af löggjafans hálfu eingöngu ætlaður aðgangur að einni lánsstofnun með mjög takmörkuðu og óvissu lánsfé, sparisjóðsdeild Búnaðarbankans. Þegar þröngt er um peninga — en þá er mest þörf rekstrarlánafélaga — má búast við, að aðrar lánsstofnanir noti sér það og vísi af sér til þeirrar stofnunar, sem þeim er sérstaklega ætluð. Virðist réttast, að engri lánsstofnun sérstaklega, en öllum jafnt, beri að styðja slíkan félagsskap, sé hans þörf.

Um einstakar gr. frv. vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

1. og 2. töluliðir lúta að afnámi ákvæðanna um lán til rekstrarlánafélaga og þarfnast því ekki frekari skýringa.

3. töluliður. Nefndinni virðist óeðlilegt og óviðkunnanlegt, að tekið sé fram um lántöku þá, sem gert er ráð fyrir í 11. gr. búnaðarbankalaganna, að hún eigi að fara fram erlendis. Er því lagt til, að orðalagi greinarinnar sé breytt.

4. töluliður. Bankanefndin flytur frv. til almennra bankalaga og vill því, að það komi skýrt fram, að þau gildi fyrir sparisjóðsdeildir bankanna.

5. töluliður. Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

a-liður. Nefndin lítur svo á, að samkvæmt lögum Búnaðarbankans hafi rikissjóði borið skylda til að greiða Búnaðarbankanum þetta stofnfé smábýladeildarinnar, og þeirri greiðslu hefði átt að vera lokið fyrir nokkrum árum, hvort sem deildin lánaði féð út eða ekki. Hér er því um það að gera að krefjast, fyrir deildarinnar hönd, skuldar, sem fallin er í gjalddaga. Hitt sé Alþingis, að kveða á um það, hvort rikissjóði sé kleift að greiða þetta á einu ári af aflafé sínu, eða hvort á að taka lán til þess.

b-liður. Þar eru tekin saman ákvæði 55. og 56. gr. búnaðarbankalaganna. Fellt er niður að taka nokkuð fram um, hvar lán sé tekið, sem virðist óþarft. Aukið er við heimild um útgáfu vaxtabréfa fyrir deildina og úbyrgð rikissjóðs fyrir þeim. Virðist nefndinni sú leið til að afla deildinni starfsfjár aðgengilegust, ef hún reyndist fær, sem ekki er ólíklegt.

c-liður. Nefndin taldi ekki rétt að binda lánveitingar eingöngu við nágrenni kaupstaða og kauptúna. Ef skilyrði fyrir atvinnurekstri, sem sé studdur af landbúnaði, virðist vera til staðar í sveitum eða sjávarplássum, þó ekki sé í grennd við kaupstaði eða kauptún, getur verið full ástæða til að hlynnna þar að með lánsfé. Verður að freysta stjórn bankans til þess að meta ástæður í hverju einstöku tilfelli og til að stofna ekki fé deildarinnar í hættu með ógætilegum lánveitingum. Enda alveg óvíst, hvort sú hættu, sem stafað getur af breyttum atvinnuháttum, er frekar á einum stað en öðrum, eða hvort nágrenni kauptúna og kaupstaða sé nokkuð tryggara í því efni, ef gætt er þess að styðja ekki að því, að of mörg slík smábýli rísi upp á hverjum stað.

Þá telur nefndin ekki rétt að binda lánveitingu við það, að landstærð nægi til þess að veita meðalfjölskyldu þriðjung framfæris síns, en þannig eru ákvæði laganna. Slíkt er erfitt að meta, og getur líka orðið að gagni fyrr. Eftir tillögu nefndarinnar er ætlað til þess, að það sé aðalreglan, að landstærð sé minnst einn ha. Sé landið vel ræktað, á það að framfleyta einni kú, þó eitthvað af því sé notað sem garðland. Þó vill nefndin ekki útiloka býli með minna landi, allt niður að ½ ha., því sé þar að mestu stunduð garðrækt, er mikill stuðningur að slíkri ræktun fyrir eina fjölskyldu. Jafnvel það að hafa ½ kú, og til þess nægir sú landstærð, er oft verulegur stuðningur fyrir fjölskyldu, en það verður að vera sá aðalmælikvarði, sem bankastjórn leggur á slík býli, þegar meta skal, hvort fært er að lána út á þau.

d-liður. Nefndin leggur til, að fellt verði niður það ákvæði laganna að veita lán út á slík býli gegn afgangsskuld. Verður að gera ráð fyrir, að annað hvort eigi ábúendur hýlin eða hafi þau á erfðaábúð og hafi því rétt til að veðsetja þau. Því virðist ákvæðið um lán gegn afgangsskuld óþarft og jafnvel benda inn á leiðir, sem ekki ætti að fara. Er því bezt, að það falli niður.

e-liður. Ástæðulaust virðist, að þessi deild láni meira en $\frac{3}{5}$ fasteignamatverðs frekar en aðrar deildir bankans, sem lána út á fasteignir. Því leggur nefndin til, að ákvæðum laganna verði breytt í það horf.

f-liður. Nefndinni virðist hámark lánsupphæðar, sem lögin ákveða, allt of hátt og leggur til, að það verði sett 6 þús. kr. Byggingar- og landnámsjóður mun nú tæplega lána meira til eins býlis, og þó er þar um fullkomin sveitabýli að ræða. Bankinn gæti því tæpast farið hærra en nefndin gerir ráð fyrir, samræmis vegna, hvað sem lagaákvæðum liði, og er því rangt að vera nokkuð að gefa undir fótinn um slíkt. Stofnkostnaður slíks býlis sem þessa má ekki heldur verða það hár, að hann verði óviðráðanlegur, og ólíklegt, að þau yrðu metin yfir 10 þús. kr., svo þess vegna mundi lánsfjárhæðin varla fara yfir 6 þús. kr., þó önnur hámarksákvæði væru ekki sett.

Vel getur verið, að talið verði ástæðulaust að ákveða nokkuð um, hvað vextir megi vera hæstir af lánnum þeim, sem deildin veitir. En nefndin lítur svo á, að ástæðulaust og jafnvel varasamt sé að veita lán, nema séð sé fyrir því, að vaxtakjör séu þolanleg. Nú er ekki gert ráð fyrir, að stofnfé deildarinnar sé það mikið, að það geti orkað miklu um að lækka útlánsvexti. Þeir hljóti því að fara að mestu eftir því, hvernig gengur með öflun starfsfjár og hve mikill hluti stofnféð verður af öllu starfsfénu. Því getur farið svo, að lánveitingar verði að stöðva fyrir vegna ákvæðanna um

hámark vaxta, en þá hvetur það til að taka til athugunar, hvað af þrennu gera skuli: Láta við svo búið standa og hætta útlánnum í bili, auka stofnfé deildarinnar eða veita henni annan styrk, svo að hún geti haldið áfram útlánnum með sömu vaxtakjörum. Ef vill má þá afnema ákvæðið um hámark vaxtanna og halda áfram lánveitingum, þó með hærri vöxtum sé. En það er framtíðarinnar að kveða á um, hvað af þessu skuli velja, þegar þar að kemur.

Önnur ákvæði 2. gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Meiri hluta nefndarinnar þótti rétt, að við Búnaðarbankann væri bankaráð eins og við hina bankana. Taldi hann þó nægilegt, að það væri skipað 3 mönnum. Hins vegar telur hann þá óþarft að halda starfi gæzlustjóra og álítur, að bankaráðið og þó einkum formaður þess geti annazt þau störf.

Formaður nefndarinnar, B. St., telur þó þessa breytingu óþarfa, þó hann geri ekki beinlínis ágreining út af því.

Um 4. gr.

Í 2. gr. laga nr. 20 13. janúar 1938, um breyting á lögum um Búnaðarbanka Íslands, er gerð grein fyrir, hver skuli vera störf stjórnar bankans, þ. e. bankastjóra og gæzlustjóra. Þar er gert ráð fyrir því, að bankastjóri geti, án þess að samþykki gæzlustjóra komi til, falið einhverjum af starfsmönnum bankans nokkuð af því, sem gæzlustjóra er ætlað að gera. Virðist bankanefndinni óviðkunnanlegt, að bankastjóri geti þannig einn sett einhvern til þess að inna af hendi umgetin störf, og leggur því til, að bankastjórn, þ. e. bankastjóri og, í samræmi við tillögur nefndarinnar, bankaráðsformaður (eða tveir bankaráðsmenn) gefi umboðið.

Um 5. og 6. gr.

Gefa ekki tilefni til skýringa.“

Annar flutningsmanna, Árni Jónsson, tekur fram, að hann sé ekki sammála öðrum nefndarmönnum um að fella niður þau ákvæði, er gera ráð fyrir sérstökum lánveitingum til rekstrarlánafélaga.